

**Nr. 18-075 S 050 Kría BA 75****Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6423  
Smíðaður: Bátasm. Guðmundar, 1983, trefjaplast.  
Útgerð: Hafbyggi ehf.  
Stærð: 2,71 bt. 3,79 brl.  
Mesta lengd: 6,45 m Skráð lengd: 6,03 m  
Breidd: 2,40 m Dýpt: 1,40 m  
Vél: Volvo Penta, 119 kW, 2002.  
Fjöldi skipverja: 1



Kría © Páll Traustason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 28. september 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirtí Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 17. maí 2018 var Kría BA 75 á strandveiðum á Vestfjarðarmiðum. Veður: SSA 4-5 m/sek.

Á veiðunum varð báturinn vélarvana út af Blakki. Dýri II BA 99 dró hann til hafnar á Patreksfirði.

**Við rannsókn kom fram:**

- að smurolúþrýstingurinn féll á vélinni og í ljós kom að tæringargat var á smurolúörinu milli vélar og túrbínu.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.